

Arctic Sea Farm hf.  
Aðalstræti 20  
400 Ísafjörður

Reykjavík 17. nóvember 2018  
UST201511-182/F.T.  
08.12.02

### Efni: Lok eftirfylgni – Dýrfiskur (nú Arctic Sea Farm) Önundarfirði

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt dags. 10. ágúst 2016 þar sem rekstraraðila var veitt áminning vegna tveggja frávika hjá starfsseminni í Önundarfirði.

#### Frávikin voru eftirfarandi:


1. Þágildandi 5. gr. a. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsemin var án gilds starfsleyfis.
2. Starfsleyfi. Starfsemin er ekki í samræmi við það starfsleyfi sem rann út 13. desember 2014, að því leyti að það var gefið út fyrir 200 tonn af laxi en rekstraraðili ól regnbogasilung og bleikju í stöðinni.


Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun, dags. 21. september sl., er rekstraraðilinn Arctic Sea Farm ekki með fisk í sjó í Önundarfirði. Rekstraraðili er með tvö rekstrarleyfi frá MAST í Önundarfirði, en einungis eitt gilt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun minnir á að ef rekstraraðili ætli sér að hefja rekstur í samræmi við útrunnið starfsleyfi, verður hann að sækja um nýtt starfsleyfi.

Af hálfu Umhverfisstofnunar verður ekki farið í frekari eftirfylgni með frávikunum að nema starfsemi verði hafin að nýju.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er 52.800 kr.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

  
Virðingarfyllst  
Sigrún Agústs dóttir  
sviðssjóri

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða